



Kraftmikil vísindastarfsemi er einn af hornsteinum klíniska starfsins á háskólasjúkrahúsinu. Það hefur enn og aftur sýnt sig í baráttunni við kórónuveiruna.

Vísindaráð Landspítala

Vísindaráð Landspítala er til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það á við um vísindastefnu sjúkrahússins gagnvart háskólastofnunum og einkafyrirtækjum hér á landi, eða í öðrum löndum. Vísindaráð Landspítala sér um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á spítalanum, þar á meðal á Vísindum á vordögum, árlegum vísindadögum þar sem vísindastarf er kynnt fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi.

Vísindaráð Landspítala er til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á Landspítala og á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala.

Vísindaráðsmenn:

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor, formaður. Rannsóknarþjónusta, frumulíffræði.

Guðrún Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Kvenna- og barnaþjónusta.

Hans Tómas Björnsson, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands. Rannsóknarþjónusta, erfða- og sameindalæknisfræðideild.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, deildarstjóri og prófessor við Háskóla Íslands. Skurðlækningar, næringarstofa.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Rannsóknarþjónusta, ónæmisfræðideild.

Marianne Elisabeth Klinke, forstöðumaður fræðasviðs. Skrifstofa meðferðarsviðs, kennslu- og rannsóknardeild, dósent við Háskóla Íslands.

Sif Ormarsdóttir, sérfræðilæknir. Lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta, meltingarlækningar.

Sigríður Zoëga, sérfræðingur í hjúkrun og dósent við Háskóla Íslands. Skurðlækningar, almenn göngudeild.

Sigurbergur Kárason, yfirlæknir og prófessor við Háskóla Íslands. Skurðstofur og gjörgæsla, svæfinga- og gjörgæslulækningar.

Sigurður Guðjónsson, sérfræðilæknir, Skurðlækningar, þvagfæraskurðlækningar.

Varamenn:

Auðna Ágústsdóttir, verkefnastjóri. Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga, menntadeild.

Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur. Rannsóknarþjónusta, frumulíffræði.

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, yfirlæknir og lektor við Háskóla Íslands. Hjarta- og æðlaþjónusta, hjartalækningar.

María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur og dósent við Háskólann í Reykjavík. Geðþjónusta, sálfræðiþjónusta.

Rannveig Jóna Jónasdóttir, sérfræðingur í hjúkrun. Aðgerðarsvið, gjörgæsla.

Valtýr Stefánsson Thors, sérfræðilæknir. Kvenna- og barnaþjónusta, barnalækningar.

Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Skurðlækningar, augnlækningar.

Þórunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir og lektor við Háskóla Íslands. Lyflækninga- og endurhæfingarþjónusta, gigtlækningar.

Þórunn Scheving Elíasdóttir, forstöðumaður fræðasviðs og lektor við Háskóla Íslands. Skurðstofur og gjörgæsla, svæfing.

Verkefnastjóri vísindaráðs:

Valgerður Margrét Backman náttúrufræðingur. Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga, vísindadeild.

[Nánar](#)







Magnús Gottfredsson, yfirlæknir vísindadeildar Landspítala og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands.

Vísindi og heimsfaraldur nýrrar kórónuveiru

Ársins 2020 verður vafalítið minnst í sögunni sem ársins sem heimsfaraldur nýrrar kórónuveiru herjaði grimmilega á alla heimsbyggðina. Slíkir faraldrar reyna mikið á einstaklinga og samfélög. Jafnvel þótt núverandi faraldur COVID-19 sé langt frá því að vera yfirstaðinn nú í apríl 2021, hefur hann þegar kennt okkur margt. Íslenskt samfélag hefur komist betur frá skammtímaáhrifum farsóttarinnar en flest grannriki okkar. Í baráttunni við faraldurinn hefur traust almennings gagnvart upplýsingum og ráðlegg-ingum sérfræðinga, ásamt vísindalegri nálgun á viðfangsefnið skipt höfuðmáli. Án áreiðanlegra upplýsinga sem almenningur treystir verður ákvarðanatáka ómarkviss og dýr. Faraldurinn afhjúpaði takmarkanir og veikleika Landspítala þegar fyrsta bylgja skall á hvað varðar mannskap, gjörgæslurými, fullnægjandi einangrunarstöðu og tækja-búnað til greiningar. Einnig skorti hér fullnægjandi búnað og þekkingu til raðgrein-ingar sjúkla, sem er eitt mikilvægasta vopnið í baráttu við farsóttir, þar á meðal til smi-trakningar. Sérstaka athygli vekur að slík aðstaða skuli enn ekki hafa verið byggð upp, þrátt fyrir að nauðsyn slíkrar uppbyggingar hafi orðið öllum ljós fyrir meira en ári síðan. Þessi skammsýni hefur þó ekki kostað okkur mikið og e.t.v. ekki kennt okkur nauðsynlegar lexíur, þar sem að utanaðkomandi aðilar hafa komið til bjargar. Í reynd má segja að íslenskt heilbrigðiskerfi og samfélag hafi staðist prófraun heimsfaraldurs-ins með miklum ágætum, ekki síst hvað varðar greiningu og meðferð sjúklinga með COVID-19, en lengri tíma þarf til að sjá viðtækari heilsufars- og samfélagslegar afleið-ingar, líkt og gildir um önnur áföll og kreppur. Yfirveguð vísindaleg vinnubrögð eru alger nauðsyn við aðstæður eins og þær sem skapast hafa um heim allan vegna COVID-19 og höfuðmáli skiptir að fullnægjandi mannskapur, þekking og tími sé til staðar til að sinna slíkum verkefnum.

Landspítali er einn stærsti vinnuveitandi fólks með doktorspróf á landinu. Þetta er starfsfólk sem hefur varið mörgum árum af ævi sinni í þjálfun til vísindarannsókna og margir brenna fyrir nýsköpun og rannsóknum. Mikilvægt er að því sé skapaður vett-vangur til að halda áfram að vinna að rannsóknum meðfram klíniskum störfum eftir að doktorsnámi lýkur. Það er sjúklingum og heilbrigðiskerfinu öllu til hagsbóta auk þess sem það viðheldur rannsóknarmenningu og elur upp framtíðarvísindamenn. Það vekur því áhyggjur að nokkur fækkun varð á birtingum vísindagreina í hópi starfs-manna spítalans á árinu 2020, einkum í erlendum vísindatímrum og nam fækkun-in tæpum 6% samanborið við árin á undan, mynd 1. Þessi niðurstaða er vonbrigði því hún gengur þvert á þau markmið sem spítalinn hefur sett sér, t.d. með starfsáæt-lun og vísindastefnu spítalans 2019-2024. Vert er að árétta að sú stefna gengur m.a. út á að auka fjárframlög til rannsókna og nýsköpunar. Fjöldi leyfa sem síðanefndir veittu starfsmönnum spítalans fyrir nýjum vísindarannsóknum má sjá á mynd 2. Eins og sjá má á myndinni var fjöldi þeirra leyfa sem vísindasiðanefnd gaf út óbreyttur samanborið við fyrri ár en fækkun varð um nærri fjórðung í fjölda veittra leyfa frá síðanefnd heilbrigðisrannsókna á spítalanum. Líta má að fjöldi umsókna og veittra leyfa sem sterka vísbendingu um rannsóknaráform til framtíðar og því er þessi fækkun áhyggjuefni og kallar á nánari skoðun. Er ástæðan of mikið álag á þá starfs-menn sem hefðu áhuga á að stunda rannsóknir eða fer virkum vísindamönnum á spítalanum fækkandi? Sams konar viðvörðunarkerki má sjá þegar fjöldi umsókna um styrki úr vísindasjóði spítalans er skoðaður. Ef möguleikar starfsmanna til að sinna þessu mikilvæga hlutverki fer dvinandi boðar það ekki gott fyrir framtíð íslenskrar heilbrigðisþjónustu, enda fara rannsóknir, menntun og gæði klínískrar þjónustu saman. Jafnvel þótt öflugt og metnaðarfullt fagfólk sé til staðar þarf fullnægjandi fjármögnun og tími til rannsóknastarfsins að koma til. Á mynd 3 má sjá samantekt á upphæðum þeirra vísindastyrkja sem starfsmenn Landspítala hafa aflað undanfarin sex ár. Á árinu 2020 var heildarupphæðin óbreytt frá árinu áður, - vel á fimmta hundrað milljóna króna var aflað alls. Styrkir erlendis frá drögust hins vegar saman en innlendir styrkir jukust að sama skapi. Ráðstöfunarupphæð vísindasjóðs Landspítala var óbreytt. Á árinu 2019 var samþykkt vísindastefna fyrir Landspítala þar sem fram kom að stefnt skuli að því að því að 3% af veltu renni til vísindastarfs árið 2024. Þetta hóflega markmið er hið sama og samþykkt var árið 2007 en enndir urðu engar í það skiptið. Nú er gerð önnur tilraun, tíminn leiðir í ljós hvort enndir verða betri nú. Mikil-vægi Landspítala sem kennslustofnunar má glögglega sjá á mynd 4, en hún sýnir fjölda meistara- og doktorsnema sem stunda nám sitt að hluta eða heild á spítalan-um. Allar þessar tölur minna á mikilvægi spítalans fyrir vísindarannsóknir, mönnun og nýliðun heilbrigðiskerfisins til framtíðar. Sagnfræðingar þreystast ekki á að benda á að framfarir eigi sér oft stað í kreppum og að þær séu ekki linulegar heldur komi þær í stökkum. Það sama gildir hins vegar um afturför, hún er sjaldnast linuleg eða algerlega fyrirsjáanleg. Vonandi endurspeglar þessar tölur fyrir árið 2020 tímabundið álag fremur en afturför. Mikilvægi rannsókna og gagnreyndar þekkingar hefur líklega aldrei verið almennings- og ráðamönnum ljósara en nú.



Heiðursvísindamaður Landspítala 2020

Davið O. Arnar yfirlæknir var valinn heiðursvísindamaður Landspítala 2020 og hlýtur viðurkenninguna fyrir framúrskarandi framlag hans til vísinda á ferli sínum.

Davið lauk embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands og sérnámi við University of Iowa Hospitals and Clinics í Iowa City, Bandaríkjunum, í lyflækningum, hjartalækningum og raflífeðlisfræði hjartans. Hann lauk doktorsprófi frá Háskóla Íslands og meistaraþrófi í stjórnun heilbrigðisþjónustu og lýðheilsu frá Háskólanum í Reykjavík.

Davið hefur umfangsmikla stjórnunarreynslu á Landspítala. Hefur starfað sem yfirlæknir meðal annars á bráðamóttöku Hringbraut, hjartagátt, hjartaþræðingu, hjartadeild og var framkvæmdastjóri lyflækningasviðs spítalans. Hann er formaður Félags íslenskra lyflækna og sinnir nefndarstörfum hjá Evrópusamtökum hjartalækna.



Davið hefur verið mjög virkur í vísindastarfi, hann hefur birt yfir 120 ritrýndar greinar og hafa greinar hans og samstarfsmanna hans vakið mikla athygli. Rannsóknir þeirra hafa beinst að erfða- og áhættuþáttum ýmissa hjartasjúkdóma s.s. hjartsláttaróreglu með áherslu á gáttatíf, æðakölkun, háþrýsting. Einnig hefur Davið lagt áherslu á rannsóknir á orsökum, meðferð og afleiðingum gáttatífs.

[Nánar](#)

Davið O. Arnar heiðursvísindamaður Landspítala.

Ungur vísindamaður Landspítala árið 2020

Hrafnhildur Linnet Runólfssdóttir var valin ungur vísindamaður Landspítala 2020 og hlaut hún viðurkenninguna á Vísindum á hausti, fyrir góðan árangur á sviði vísindarannsókna.



Hrafnhildur lauk embættisprófi í læknisfræði 2016 frá Háskóla Íslands. Að kandidatsári loknu hóf hún sérnám í almennum lyflækningum á Landspítala jafnframt stundaði hún doktorsnám við Háskóla Íslands sem hún lauk í ágúst 2020.

Hrafnhildur Linnet Runólfssdóttir, ungur vísindamaður Landspítala.

Í læknánámi sínu tók Hrafnhildur þátt í rannsóknum á sjaldgæfum erfðasjúkdómi, adenínfosfóribósýltransferasa-skorti (APRT-skorti). Þessi skortur leiðir til myndunar mikils magns af 2,8-dihýdroxyadeníni sem veldur bæði nýrnasteinum og kristallanýrnameini og getur valdið nýrnabilun á lokastigi. Verkefnastjórar verkefnisins voru þeir Viðar Eðvarðsson prófessor og Runólfur Pálsson prófessor.

Doktorsritgerð Hrafnhildar heitir Adenínfosfóribósýltransferasa-skortur: Algengi og afdrif sjúklunga. Rannsóknir hennar leiddu meðal annars í ljós að sjúkdómurinn er mun algengari á Íslandi en annars staðar í heiminum og að unnt er að varðveita nýrnastarfsemi ef lyfjameðferð er hafin snemma. Leiðbeinendur hennar eru Viðar Eðvarðsson prófessor, yfirlæknir og Ólafur Skúli Indriðason, sérfræðingur í nýrnalækningum. Nú vinnur hún að rannsóknum á augneinkennum hjá sjúklingum með APRT-skort og á áhrifum langtímameðferðar með B6-vítamíni á úttaugakvilla hjá sjúklingum með frumkomna oxalmígu af tegund 1.

Samstarfsmenn Hrafnhildar í rannsóknum eru margir bæði innlendir og erlendir vísindamenn beggja vegna Atlantsála. Hún hefur birt á annan tug ritrýndra greina í alþjóðlegum tímaritum. [Nánar](#)



Þrjú ágrip veggspjalda verðlaunuð á Vísindum að hausti

Vísindasjóður veitti þremur rannsakendum 100.000 kr. verðlaun til kynningar/ferðastyrks á verkefnum sínum.

Aron Hjalti Björnsson hlaut verðlaun fyrir ágrípið Áhrif TNF-a hemla á sýklalyfjanotkun sjúklunga með iktsýki. Aron er sérnámslæknir í lyflækningum og doktorsnemi við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi hans er Þorvarður Jón Löve. Aðrir samstarfsaðilar eru: Gerður Gröndal, Ólafur Pálsson, Már Kristjánsson, Pétur S. Gunnarsson og Björn Guðbjörnsson.

Bylgja Hilmarsdóttir hlaut verðlaun fyrir ágrípið Hlutverk PLD2 í bandvefsumbreytingu þekjufurmma og brjóstakrabbameinum. Rannsóknin er unnin í samstarfi við rannsóknarhóp Gunhild Mari Mælandsmo við Oslo University Hospital, Institute for Cancer Research. Aðrir samstarfsmenn Bylgju eru frá Háskóla Íslands og við sameindameinafræðieiningu meinafræðideildar Landspítalans.

Íris Kristinsdóttir hlaut verðlaun fyrir ágrípið: Einkennalaus meningókokkasýklun meðal barna, unglunga og ungs fólks á Íslandi. Íris er læknakandidat á spítalanum og doktorsnemi við Háskóla Íslands. Aðalleiðbeinendur Írisar eru Valtýr Stefánsson Thors og Ásgeir Haraldsson. [Nánar](#)



Viðar Örn Eðvarðsson hlaut verðlaun úr Minningargjafasjóði Landspítala Íslands

Minningargjafasjóður Landspítala 2020

Viðar Örn Eðvarðsson prófessor og barnalæknir hlaut tveggja milljóna verðlaun Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands vegna verkefnisins; Þættir sem stuðla að steinamyndun og nýrnasjúkdómi hjá sjúklingum með APRT-skort og 2,8-dihýdroxyadenínmígu.

Að loknu embættisprófi í læknisfræði frá Háskóla Íslands stundaði Viðar sérnám í barnalækningum í Bandaríkjunum við Medical College of Georgia, í Georgíu og nýrnalækningum barna við St. Christopher's Hospital for Children og Temple Háskóla í Philadelphia. Árið 2013 var Viðar ráðinn dósent við Háskóla Íslands og hlaut framgang sem prófessor 2020.

Í samstarfi við Runólf Pálsson prófessor og forstöðumann lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu Landspítala og aðra leiðandi vísindamenn á Íslandi og í Bandaríkjunum stofnuðu þeir samstarfshópinn The Rare Kidney Stone Consortium (www.rarekidneystones.org) árið 2009. Rannsóknarhópurinn á Landspítala stofnaði alþjóðlega miðstöð fyrir rannsóknir á APRT-skorti og er hún leiðandi á heimsvísu. Hópurinn hefur lagt áherslu á að þjálfa unga rannsakendur sem hefur leitt til útskriftar fjögurra meistaranema og eins doktorsnema, jafnframt hefur hópurinn birt fjölda ritrýndra greina í fjölþjóðlegum tímaritum. [Nánar](#)



Vísindasjóður Landspítala styrkir árlega marga unga vísindamenn til klínískra rannsókna. Slíkar rannsóknir eru oft samofnar daglegu starfi á deildum spítalans.

Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

Vísindasjóður Landspítala veitti ellefu ungu starfsmönnum Landspítala styrki að fjárhæð 1,5 milljónum króna til klínískra rannsókna á spítalanum.

Aron Hjalti Björnsson sérnámslæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu. Áhrif sykurstera á sýkingalyfjanotkun sjúklinga með iktsýki fyrir og eftir meðferð með TNF hemlum.

Meðumsækjandi: Þorvarður Jón Löve sérfræðilæknir, vísindadeild og prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir meðumsækjendur: Björn Guðbjörnsson, sérfræðilæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.

Ásdís Hrönn Sigurðardóttir kandiðat, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu. Tengsl blóðþrýstings í æsku við blóðþrýsting og hábrýsting hjá ungu fullorðnum: 10 ára eftirfylgdarrannsókn.

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson yfirlæknir, kvenna- og barnaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir samstarfsaðilar: Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu, Þórdís Hrafnkelsdóttir sérfræðilæknir, hjarta- og æðlaþjónustu og dósent við Háskóla Íslands og Sigurður Stephensen læknir, Háskólasjúkrahúsinu í Lundi, Svíþjóð.

Birta Bæringsdóttir kandiðat, bráðaþjónustu. Útsetning fyrir syklalyfjum snemma á ævinni og síðkomin áhrif á heilsu barna.

Meðumsækjandi: Valtýr Thors sérfræðilæknir, kvenna- og barnaþjónustu. Aðrir samstarfsaðilar: Ásgeir Haraldsson yfirlæknir, kvenna- og barnaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands og Birkir Hrafnkelsson, tölfraeðingur og prófessor við Háskóla Íslands.

Eyrún Arna Kristinsdóttir sérnámslæknir, skurðstofum og gjörgæslu. Barka-raufun á gjörgæsludeild; tíðni, ábendingar, tímasetning og tímalengd, fylgikvillar og langtímahorfur.

Meðumsækjandi: Martin Ingi Sigurðsson yfirlæknir, skurðstofum og gjörgæslu og prófessor við Háskóla Íslands.

Halla Ósk Ólafsdóttir sálfræðingur, geðþjónustu. Atferlivirkjun við þunglyndi í geðhvörfum.

Meðumsækjandi: Engilbert Sigurðsson yfirlæknir, geðþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir samstarfsaðilar: Brynja Björk Magnúsdóttir sálfræðingur, geðþjónustu og dósent við Háskólann í Reykjavík og dr. Kim Wright prófessor, University of Exeter.

Starfsmenn Landspítala sem hlutu framgang við Háskóla Íslands á árinu 2020

Berglind Guðmundsdóttir prófessor

Haukur Hjaltason prófessor

Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir dósent

Starfsmaður Landspítala sem hlaut framgang við Háskólann í Reykjavík á árinu 2020

Paolo Gargiulo prófessor

Hannes Halldórsson sérnámslæknir, skurðlækningum. Skarð í vör og góm á Íslandi 1991-2018.

Meðumsækjandi: Gunnar Auðólfsson yfirlæknir, skurðlækningum.

Helgi Kristinn Björnsson sérnámslæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu. Áhættuþættir fyrir lifrarskaða af völdum TNF-alpha hemla.

Meðumsækjandi: Einar Stefán Björnsson yfirlæknir, skrifstofu meðferðarsviðs og prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir samstarfsaðilar: Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir sérnámslæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu. Frumkomið aldósterónheilkenni á Íslandi í 10 ár.

Meðumsækjandi: Helga Ágústa Sigurjónsdóttir sérfræðilæknir, skrifstofu meðferðarsviðs og klínískur prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir samstarfsaðilar: Bjarni Agnar Agnarsson sérfræðilæknir, rannsóknarþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands og Guðbjörg Jónsdóttir sérfræðilæknir, University of Iowa Hospitals and Clinics.

Kristján Orri Víðisson sérnámslæknir, skurðstofum og gjörgæslu. Áhættuþættir og útkomur sjúklinga eftir ósæðarlokuskipti vegna ósæðarlokupregsla á Íslandi.

Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson yfirlæknir, hjarta- og æðlaþjónustu og prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir samstarfsaðilar: Martin Ingi Sigurðsson yfirlæknir, skurðstofum og gjörgæslu og prófessor við Háskóla Íslands.

Telma Huld Ragnarsdóttir sérnámslæknir, skurðlækningum: Bráður nýrnaskaði á bráðamóttöku, framsýn tilfellið rannsókn.

Meðumsækjandi: Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir, lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu. Aðrir samstarfsaðilar: Vicente Sanchez-Brunete Ingelmo sérfræðilæknir, bráðaþjónustu og Runólfur Pálsson forstöðumaður, skrifstofu meðferðarsviðs og prófessor við Háskóla Íslands.

Vaka Kristín Sigurjónsdóttir sérfræðilæknir, kvenna- og barnaþjónustu. High Intra-patient Variability of Tacrolimus in Pediatric Renal Transplant Recipients is Associated with Worse Graft Outcomes.

Meðumsækjandi: Runólfur Pálsson forstöðumaður, skrifstofu meðferðarsviðs og prófessor við Háskóla Íslands. Aðrir samstarfsaðilar: Abanti Chaudhuri sérfræðilæknir, Paul Grimm sérfræðilæknir og Kim Pibum sérfræðilæknir, Háskólanum í Stanford.

Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavík, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær en þannig hækkar h-index höfunda í Web of Science. Einnig flýtur það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.